



Einingakubbar

Einingakubbar eða Unit blocks eru runnir undan rifjum Carolin Pratt. Kubbararnir eru í stærðfræðilega réttum hlutföllum en það auðveldar börnunum skilning á hlutföllum og brotum; þ.e. grunn kubburinn er helmingur af næstu stærð fyrir ofan en nákvæmlega helmingi stærri en næsta stærð fyrir neðan. Auk þess að fá tilfinningu fyrir stærðfræðilegum hlutföllum og hugtökum æfa börnin formhugsun í kubbaleikjunum auk þess sem þeir reyna á grófhreyfingar og ímyndunaraflið fær lausan tauminn.

Byggingar barnanna fá oft á tíðum að standa, þ.e.a.s. það þarf ekki alltaf að taka þær saman í lok dags, en þegar þarf að taka saman nýttum við tiltektina til að ýta enn frekar undir talningu og skilning á stærðfræði hugtökum.

